


# Síldarvinnslan hf.
# 2 ársfjórðungur 2024

Spurningar sendist á fjarfestir@svn.is

# Helsta úr starfseminni á öðrum ársfjórðungi 2024

- Kolmunnaveiðin gekk vel en verð gáfu eftir.
- Loðnubrestur hefur áhrif á ársfjórðunginn samanborið við árið áður, en engar innleystar tekjur voru vegna loðnu.
- Bolfiskvinnsla félagsins í óvissu sökum jarðhræringa, en vinnslur fóru af stað í Grindvík í maí. Saltfiskur unninn í Helguvík.
- Vestmannaeyjaskipin veiddu vel.
- Frystitogarinn Blængur var með góða túra.
- Mjöl- og lýsisnýting dróst saman auk þess sem verð lækkuðu.
- Kostnaðarliðir eru að hækka, hráefnisverð og orka en við því verður brugðist.
- Heilt yfir óásættanleg niðurstaða.






Síldarvinnslan hf SVN

# Lykiltölur



# Lykiltölur 2F 2024

**Rekstrartekjur (m$) 60,3**
2F 2023: 79,6

**EBITDA (m$) 6,6**
2F 2023: 21,1

**EBITDA (%) 10,9%**
2F 2023: 26,5%

**Hagnaður (Tap) (m$) (1,9)**
2F 2023: 13,2

**Veiði (þús tonn) 50,3**
2F 2023: 46,1

**Afurðir (þús tonn) 19,7**
2F 2023: 20,9

**Heildareignir (m$) 1.043,3**
31.12.2023: 1.098,9

**Eiginfjárhlutfall 59,5%**
31.12.2023: 58,6%

**Handbært fé (m$) 75,5**
31.12.2023: 81,7

**NIBD/EBITDA 2,46**
2023: 2,36

**Meðalgengi $ 139,22**
2F 2023: 137,6

# Lykiltölur 6M 2024

**Rekstrartekjur (m$) 141,7**
6M 2023: 211,0

**EBITDA (m$) 25,8**
6M 2023: 60,7

**EBITDA (%) 18,2%**
6M 2023: 28,8%

**Hagnaður (m$) 9,3**
6M 2023: 42,7

**Veiði (þús tonn) 92,3**
6M 2023: 136,1

**Afurðir (þús tonn) 39,9**
6M 2023: 69,0






Síldarvinnslan hf

# Uppsjávarafli 2F (tonn)

## Veiði uppsjávarskipa




## Veiði eftir tegundum




## Staða aflaheimilda 30.06.2024



# Uppsjávarafli 6M











Síldarvinnslan hf

# Uppsjávarvinnsla 2F (tonn)












Síldarvinnslan hf

# Uppsjávarvinnsla 6M (tonn)












Síldarvinnslan hf

# Bolfiskafli 2F (tonn)

## Veiði bolfiskskipa




## Veiði eftir tegundum




## Staða aflaheimilda 30.06.2024




Síldarvinnslan hf

# Bolfiskafli 6M (tonn)









# Bolfiskvinnslur 2F (tonn)












Síldarvinnslan hf

# Bolfiskvinnslur 6m (tonn)

## Móttaka frystihús Seyðisfirði




## Móttaka frystihús Grindavík




## Móttaka saltfiskur




## Framleiðsla afurða



Síldarvinnslan hf

# Rekstur



# Rekstur 2F

| **Rekstrarreikningur**<br>(þús. USD) | **2F 2024** | **2F 2023** | **Breyting** |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Rekstrartekjur | 60.338 | 79.551 | (19.213) |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | 31.651 | 34.219 | (2.568) |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður | 19.505 | 22.111 | (2.606) |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.614 | 2.105 | 509 |
| | 53.769 | 58.435 | (4.666) |
| **EBITDA** | 6.569 | 21.115 | (14.546) |
| Afskriftir | 5.497 | 4.418 | 1.079 |
| **Rekstrarhagnaður** | 1.072 | 16.698 | (15.626) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (1.323) | 1.033 | (2.356) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | (1.987) | (1.168) | (819) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | (2.238) | 16.563 | (18.801) |
| Tekjuskattur | 303 | (3.342) | 3.645 |
| **Hagnaður tímabils** | (1.935) | 13.221 | (15.156) |





Síldarvinnslan hf

# Rekstur 6M

| Rekstrarreikningur (þús. USD) | 6M 2024 | 6M 2023 | Breyting |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Rekstrartekjur | 141.710 | 211.030 | (69.320) |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | 69.460 | 94.063 | (24.603) |
| Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður | 41.323 | 51.836 | (10.513) |
| Annar rekstrarkostnaður | 5.151 | 4.456 | 695 |
| | 115.934 | 150.355 | 34.421 |
| **EBITDA** | 25.776 | 60.675 | (34.899) |
| Afskriftir | 10.169 | 9.363 | 806 |
| **Rekstrarhagnaður** | 15.607 | 51.312 | (35.705) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (3.426) | 1.431 | (4.857) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | (433) | 260 | (693) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | 11.747 | 53.003 | (41.256) |
| Tekjuskattur | (2.413) | (10.255) | 7.842 |
| **Hagnaður tímabils** | 9.334 | 42.749 | (33.415) |





Síldarvinnslan hf

# Hagnaðarbrú 2F (þús. USD)






Síldarvinnslan hf

# Hagnaðarbrú 6M (þús. USD)



# Starfsþáttayfirlit

**01.01.2024 – 30.06.2024**
(þús. USD)

| | Útgerð | Landvinnsla | Annað | Eigin afli | Jöfnunarfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 67.872 | 103.207 | 27.719 | (43.830) | (13.622) | 141.347 |
| Hagnaður af sölu eigna | | 54 | 309 | | | 363 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 25.013 | 76.158 | 25.741 | (43.830) | (13.622) | 69.460 |
| Laun | 27.009 | 10.835 | 3.479 | | | 41.323 |
| Annar rekstrarkostnaður | 939 | 1.427 | 2.785 | | | 5.151 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | **14.912** | **14.842** | **(3.978)** | | | **25.776** |
| Afskriftir | (5.924) | (4.007) | (238) | | | (10.169) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | | | | (3.426) |
| Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga | | | | | | (433) |
| Tekjuskattur | | | | | | (2.414) |
| **Hagnaður tímabils** | | | | | | **9.334** |

# EBITDA brú 6M 2024 (þús. USD)






Síldarvinnslan hf

# Efnahagur



# Eignir 30. júní 2024

**Eignir**
(þús. USD)

| | 30.06.2024 | 31.12.2023 | Breyting |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Óefnislegar eignir** | | | |
| Fiskveiðiheimildir | 494.733 | 502.330 | (7.597) |
| | 494.733 | 502.330 | (7.597) |
| **Rekstrarfjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 232.997 | 237.392 | (4.395) |
| Fastafjármunir í smíðum | 0 | 2.676 | (2.676) |
| Leiguréttindi | 2.410 | 2.593 | (183) |
| | 235.407 | 242.661 | (7.254) |
| **Fjárfestingar** | | | |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 136.659 | 141.416 | (4.757) |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 2.764 | 2.817 | (52) |
| Skuldabréfaeign | 65 | 66 | (1) |
| | 139.488 | 144.299 | (4.811) |
| **Fastafjármunir samtals** | **869.628** | **889.289** | **(19.661)** |

**Eignir**
(þús. USD)

| | 30.06.2024 | 31.12.2023 | Breyting |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 67.514 | 86.182 | (18.668) |
| Viðskiptakröfur | 21.096 | 35.353 | (14.257) |
| Aðrar skammtímakröfur | 9.483 | 6.414 | 627 |
| Handbært fé | 75.541 | 81.650 | (12.791) |
| | 173.633 | 209.599 | (35.966) |
| **Veltufjármunir samtals** | **173.633** | **209.599** | **(35.966)** |
| **Eignir samtals** | **1.043.260** | **1.098.889** | **(55.628)** |

# Eigið fé og skuldir 30. júní 2024

| Eigið fé og skuldir<br>(þús. USD) | 30.06.2024 | 31.12.2023 | Breyting |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 620.398 | 644.474 | (24.076) |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| | | | |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 258.108 | 254.572 | 3.536 |
| Leiguskuldbinding | 1.218 | 1.363 | (145) |
| Tekjuskattsskuldbinding | 104.784 | 104.112 | 672 |
| | 364.110 | 360.048 | 4.062 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 17.677 | 2.562 | 15.115 |
| Næsta árs afborganir af langtímal. | 6.488 | 47.539 | (41.051) |
| Reiknaðir skattar ársins | 218 | 18.028 | (17.810) |
| Viðskiptaskuldir | 12.069 | 13.112 | (1.043) |
| Aðrar skammtímaskuldir | 21.390 | 11.192 | 10.198 |
| Skuldir við tengd félög | 911 | 1.934 | (1.023) |
| | 58.753 | 94.367 | (35.614) |
| | | | |
| **Skuldir samtals** | **422.862** | **454.415** | **(31.553)** |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **1.043.260** | **1.098.889** | **(55.629)** |





Síldarvinnslan hf

# Sjóðstreymi



# Sjóðstreymi 6M 2024 (þús. USD)






Síldarvinnslan hf

# Staða og horfur



# Staðan og framhaldið

- Veiði gekk heilt yfir vel og búið að veiða 80% af aflaheimildum.
- Makrílvinnsla hefur gengið vel og verð hafa styrkst frá síðasta ári.
- Töluvert óveitt af makríl og auka þarf geymslur milli ára.
- Undirbúningur fyrir síldarvertíð að hefjast.
- Búið er að losa mikið af birgðum á fyrstu mánuðum ársins.
- Nýtt kvótaár hefst 1. september, kvótar nokkuð stöðugir í bolfiski.
- Þrátt fyrir eldgos og óróa á Reykjanesi er vinnsla í Grindavík, bæði í salthúsi og frystihúsi.
- Óvissa um rekstrargrundvöll hlutdeildarfélaga Vísis á svæðinu sem hafa orðið fyrir tjóni og skerðingu. Það eru Marine Collagen og Haustak.





Síldarvinnslan hf

# Bolfiskur

- Óvissan í kringum Grindavík vegna jarðhræringa er enn til staðar.
- Vinnsla hófst í salthúsi og frystihúsi í Grindavík fyrir sumarleyfi.
- Umsvif minni en dregið hefur verið úr afköstum og fólki fækkað.
- Starfsmenn hafa komið sér fyrir í nágrannasveitarfélögum.
- Gott samstarf við viðbragðsaðila. Öryggis- og rýmingarplön til staðar.
- Vinnsla hafin eftir sumarfrí. Grindavík var metin örugg strax daginn eftir að eldgos hófst og fyrirtækjum hleypt inn.
- Vinnsla möguleg í Grindavík upp að ákveðnu marki en háð þeirri óvissu sem fylgir jarðhræringunum.
- Erum að skoða mögulegar leiðir með bolfiskheimildir okkar.



# Heimildir




23/24 Samtals
37.312

24/25 Samtals
38.228

Alls 38 þús. tonn

# Uppsjávarmarkaðir

**Makríll**
- Makrílvertíð hefur gengið vel.
- Markaðir eru í góðu jafnvægi og sala fer vel af stað.
- Gert ráð fyrir hækkun frá fyrra ári.

**Síld**
- Afurðir vertíðarinnar 2023 eru allar seldar og afhentar.
- Gott útlit fyrir komandi vertíð.
- Samdráttur í kvótum.
- Reiknum með íslensku síldinni til manneldis á komandi vertíð. Hún er MSC vottuð sem er kostur inn á ákveðna markaði.

**Loðna**
- Framleiddum lítið magn af Barentshafsloðnu. Hængurinn fór strax og sala gekk vel.
- Barentshafsloðnan er smærri en sú íslenska og hefur hrygnan verið erfið.

**Loðnuhrogn**
- Enn eru birgðir til af framleiðslu 2023. Aðeins seldist eftir sýninguna í Barcelona en svo datt allt í dúnalogn aftur.



# Markaðir

**Mjöl og lýsi**

- Sala verið góð í sumar enda fóðrun og framleiðsla á laxi mest yfir sumarið.
- Gott útlit inn í haustið með sölu á mjöli og lýsi.
- Verð á lýsi hefur gefið eftir og líklegt að það verði áfram pressa á lýsisverð. Mjölverð gaf eftir á Q2 en hefur verið að styrkjast að nýju.
- Greinendur búast við góðri vertíð í Perú og Chile í haust en þar eru stærstu framleiðendur á mjöl- og lýsisafurðum.

**Bolfiskur**

- Sjófrystir markaðir hafa tekið við sér og verð hafa verið stígandi á þorsk- og ýsuafurðum inn á Bretland.
- Verð hafa haldið í Asíu á grálúðu og karfa. Versnandi efnahagur í Kína virðist ekki hafa áhrif á verð og eftirspurn.
- Sala á ferskum þorsk- og ýsuafurðum verið góð það sem af er ári.
- Saltfiskmarkaðir eru stöðugir og sala gengur vel þó aðeins hafi hægt á vegna erfiðs efnahagsástands í Evrópu. Verð á portfisk eru í sögulegu hámarki. Hægst hefur á léttsöltuðu og er mikil verðpressa þar.



# Framundan

- Nýtt kvótaár.
- Verðhækkanir erlendis fylgja ekki kostnaðarhækkunum á Íslandi.
- Finna þarf leiðir til að mæta auknum kostnaðarhækkunum með hagræðingu.
- Vaxtastig er hátt það þarf að aðlaga starfsemina að því.
- Orkukostnaður er að hækka verulega, minna aðgengi að raforku, gera þarf kröfu um aukið aðgengi að grænni orku.
- Heilt yfir þokkalegt útlit á okkar helstu mörkuðum þrátt fyrir sveiflur í verði.
- Enn er óvissa með loðnuna en við vonum að leiðangrar haustsins verði hagstæðir.
- Þrátt fyrir mikinn samdrátt á fyrstu sex mánuðunum teljum við ekki ástæðu til að breyta afkomuspá fyrir árið, en reiknum með að enda við neðri mörkin af afkomuspánni.



# Spurningar og Svör

# Fyrirvari

Fjárfestakynning þessi er útbúin af Síldarvinnslunni hf. Upplýsingarnar og gögn í kynningunni byggja á heimildum sem Síldarvinnslan telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Síldarvinnslan ábyrgist ekki að upplýsingar og gögn sem birtast í kynningu þessari séu að öllu leyti rétt eða tæmandi. Staðhæfingar í kynningunni kunna að byggja á mati og áætlunum stjórnenda félagsins sem hafa ekki verið sannreyndar.

Rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja er síbreytilegt. Af hálfu Síldarvinnslunnar er engin trygging eða ábyrgð veitt fyrir því að þær spár eða fyrirætlanir sem lýst er í fjárfestakynningunni gangi eftir. Hvers konar yfirlýsingar í fjárfestakynningu þessari sem vísa til áætlaðrar eða væntrar framtíðarafkomu eða starfsemi í framtíðinni eru lýsingar á framtíðarhorfum og háðar ýmsum óvissu- og áhættuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg útkoma getur orðið mjög ólík þeirri þróun sem búist var við í veigamiklum atriðum.

Kynningunni er eingöngu ætlað að hafa upplýsingagildi og felur á engan hátt í sér og skal ekki teljast vera tilboð eða ráðlegging um kaup eða sölu fjármálagerninga félagsins. Móttakandi kynningar er einn ábyrgur fyrir hvers konar fjárfestingarákvörðunum sem hann kann að taka á grundvelli þessarar kynningar.

Upplýsingarnar í fjárfestakynningu þessari kunna að breytast, vera endurskoðaðar, uppfærðar eða endurútgefnar og kunna því að breytast töluvert. Félagið er ekki skuldbundið til að uppfæra eða viðhalda upplýsingunum í fjárfestakynningu þessari nema það sé skylt lögum samkvæmt.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.